

Aðgerðir í þágu atvinnulífsins

Yfirlit

Framundan er tímabil efnahagslegrar endurreisnar í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins. Verulega hefur hægst á hjólum atvinnulífs vegna gjaldeyriskreppu, veikingar krónunnar, hnökra í erlendri greiðslumiðlun, skerts aðgengis að fjármagni og almennrar óvissu sem ríkir um rekstrargrundvöll fyrirtækja. Til að draga megi sem mest úr þeim erfiðleikum sem blasa við íslenskum fyrirtækjum og heimilum hefur Viðskiptaráð tekið saman sjö atriði sem skipta sérstaklega miklu máli fyrir framtíð íslensks efnahaglífs og eru til þess fallin að halda hjólum atvinnulífsins gangandi.

1. Gjaldeyrismál og endurskoðun peningamálastefnu

Nú bendir flest til þess að aðkoma IMF verði að veruleika og í kjölfarið ætti því að gefast gott færi á að greiða úr stöðunni á gjaldeyrismarkaði. Viðskiptráð leggur til að krónan verði sett á flot eins fjótt og auðið er, en í því sambandi er forgangsmál að aðilar vinnumarkaðar og hið opinbera vinni gegn því að hugsanleg veiking krónunnar leiði út í verðlag. Með þeim hætti má tryggja að leiðrétting raungengis komi til í gegnum styrkingu nafngengis. Einnig er brýnt að vextir lækki aftur um leið og færi gefst.

2. Aðgerðir til stuðnings fyrirtækjum

Sökum efnahagsþrenginga munu fjölmörg fyrirtæki lenda í rekstrarerfiðleikum á komandi misserum og því telur Viðskiptaráð mikilvægt að vel takist til við úrlausn slíkra mála gagnvart bankakerfinu. Í því sambandi er ýmislegt sem kemur til greina, t.d. alhliða niðurfærsla skulda og breyting skulda í hlutafé, svo fátt eitt sé nefnt. Viðskiptaráð leggur einnig til að stofnaður verði endurreisnarsjóður, sem hefði það hlutverk að tryggja áfrahamhaldandi rekstur fyrirtækja í tímabundnum erfiðleikum.

3. Mótun og kynning skýrrar framtíðarstefnu

Nú þegar viljayfirlýsing stjórnvalda og IMF liggur fyrir er mikilvægt að stjórnvöld marki skýra sýn til framtíðar. Einnig er vert að minnast á mikilvægi almenns upplýsingaflæðis af hálfu hins opinbera, sem fram að þessu hefur verið verulega ábótavant. Líklegt er að koma hefði mátt í veg fyrir ýmis vandamál með betra streymi upplýsinga.

4. Aðlögun og skýring á gjaldþrotalöggjöf

Viðskiptaráð mælist til þess að ríkisstjórnin skoði á næstu dögum og vikum hvort gera eigi breytingar á gjaldþrotalöggjöf til að tryggja sé að dómstólar veigri sér við að úrskurða um bóta- og refsíabyrgð gagnvart stjórnendum komi til dómsmála af því tagi við núverandi aðstæður. Ljóst er að íslenskt atvinnulíf glímur við fordæmalausar aðstæður og því afar erfitt fyrir dómstóla að meta varanleika

greiðsluörðugleika fyrirtækis annars vegar og hvort aðgerðir stjórnenda þess hafi verið réttmætar hins vegar.

5. Efling frumkvöðlastarfs og stuðningur við nýsköpun

Frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi kemur til með að gegna lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Af þeim sökum er mikilvægt að hlúð verði að slíku starfi og því sköpuð hagfelld ytri skilyrði

6. Fjárveitingar til menntamála má ekki skerða

Það er afar mikilvægt að þeir einstaklingar sem fara af atvinnumarkaðinum hafi greiðan aðgang að námi óháð aldri og búsetu. Þetta á við um nám á öllum stigum. Nú sem aldrei fyrr þarf að setja menntun í forgang.

7. Óháðir aðilar rannsaki aðdraganda krepunnar

Eðlilegt er að farið verði í saumana á þeirri atburðarás sem leiddi til núverandi hremminga. Ef framkvæma á slíka rannsókn er nauðsynlegt er að óháðir aðilar, helst hópur erlendra sérfræðinga, leiði slíka rannsókn og að í henni verði engir þættir atburðarrásarinnar undanskildir. Þær hugmyndir að stjórnámamenn leiði þessar rannsóknir telur Viðskiptaráð mjög óheppilegar.

Mun ítarlegri umfjöllun um sérhvert þessara atriða er að finna á næstu síðum.

1. Gjaldeyrismál og endurskoðun peningamálastefnu

Forgangsmál er að greitt verði úr stöðunni á gjaldeyrismarkaði sem allra fyrst. Þetta er forsenda þess að fjármagnsflutningar til og frá Íslandi og utanríkisviðskipti almennt komist í eðlilegt horf. Ólíklegt er að ástandið á gjaldeyrismarkaði skáni fyrir en gjaldeyrisforði Seðlabankans hefur verið efldur, en forsenda þess er að Ísland fái lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (IMF) og öðrum þjóðum. Nú bendir flest til þess að aðkoma IMF verði að veruleika og í kjölfarið ætti því að gefast gott færi á að greiða úr stöðunni á gjaldeyrismarkaði.

Það hefur jafnan verið forgangsverkefni hjá IMF að koma alþjóðaviðskiptum og gjaldeyrismálum í horf sem fyrst og Ísland verður þar engin undantekning. Fleyting krónunnar er eina leiðin til að hægt sé að hefja gjaldeyrisviðskipti með eðlilegum hætti og því skref í rétta átt. Það er mikilvægt að stjórnvöld reyni ekki um of að handstýra genginu enda myndi ganga hratt á gjaldeyrisvarasjóð Seðlabankans við þær aðstæður. Reynslan hefur sýnt að flestir Seðlabankar mega sín lítils í baráttu við erlenda fjármagnsstrauma og því hætt við að of virk inngríp geti endað illa. Lykilatriði í þessu samhengi er að stjórnvöld og atvinnulíf komi eftir fremsta megni í veg fyrir að gengisveiking krónunnar leiði út í verðlag. Með þeim hætti má tryggja að leiðrétting raungengis fari í sem mestum mæli í gegnum styrkingu krónunnar. Að sama skapi er mikilvægt að útflytjendur taki afnámi gjaldeyrishafta fagnandi og hiki ekki við að flytja gjaldeyri sinn heim til Íslands.

Til að sem bestur árangur náist við að koma krónunni aftur á markað er mikilvægt að áætlun þar að lútandi sé traust og trúverðug. Seðlabanki og stjórnvöld ættu því að gera nánar grein fyrir því með hvaða hætti stutt verður við fleytingu krónunnar og sannfæra þannig innlenda og erlenda aðila um að þar liggi fagleg og samhent vinnubrögð til grundvallar. Orð og athafnir skipta þar miklu og ættu forsvarsmenn stjórnvalda og Seðlabanka ekki að láta tækifæri til að byggja slíkt traust ganga sér úr greipum.

Aðilar vinnumarkaðarins verða að taka höndum saman og koma í veg fyrir miklar verðhækkningar sem og launahækkningar. Í þessu samhengi er mikilvægt að hið opinbera taki virkan og jafnvel enn meira afgerandi þátt með því að hækka ekki verð á þjónustu og halda aftur af launahækkunum opinberra starfsmanna. Ef laun á almennum markaði lækka er eðlilegt að svo verði einnig í opinbera geiranum. Stjórnvöld geta einnig dregið úr verðbólguþrýstingi með ýmsum tímabundnum aðgerðum eins og niðurfellingu tolla, lækkun á olíugjaldi, lækkun virðisaukaskatts og svo framvegis. Að sjálfsögðu er mikilvægt að huga að sjálfbærni hins opinbera þegar slíkar aðgerðir eru hugleiddar en í því sambandi mun ráðdeild í útgjöldum koma að gagni.

Einnig er ljóst að núverandi vaxtastig kemur harkalega niður á íslenskum almenningi og fyrirtækjum og því afar brýnt að vextir verði lækkaðir aftur um leið og aðstæður leyfa. Eins og Viðskiptaráð hefur áður bent á er ekki um eftirspurnarspennu að ræða í hagkerfinu og því má ætla að nýleg vaxtahækkun Seðlabankans sé liður í að koma jafnvægi á gjaldeyrismarkaðinn. Í ljósi þess má búast við að hún verði til frekar skamms tíma og er gert ráð fyrir örri lækkun vaxta þegar hagkerfið endurheimtir trúverðugleika. Í þeirri viðleitni þarf að skoða allar leiðir með opnum hug. Mikilvægt er að þegar eigi sér stað endurskoðun á peningamálastefnunni, sem boðuð var á ársfundi Seðlabanka í mars síðastliðnum.

2. Aðgerðir til stuðnings fyrirtækjum

Sökum efnahagsþrenginga munu fjölmörg fyrirtæki lenda í rekstrarerfiðleikum á komandi misserum og því er mikið undir að vel takist til við úrlausn slíkra mála gagnvart bankakerfinu. Til að hið opinbera sitji ekki uppi með stóran hluta af atvinnurekstri í landinu (með óbeinum hætti) er því nauðsynlegt að svigrúm verði skapað til að mögulegt sé að halda rekstri sem flestra þeirra gangandi. Þegar horft er til þeirrar miklu varúðarfærslu sem á sér stað við flutning lánasafns úr gamla kerfinu yfir í það nýja er ljóst að stjórnvöld gera ráð fyrir að væntar heimtur af lánunum verði verulega lægri en bókfært virði þeirra var í gamla kerfinu.

Varúðarfærslan gefur nýjum bönkum aukið svigrúm til niðurfærslu skulda og mikilvægt er að skynsamlega verði staðið að slíkri fyrirgreiðslu. Þar skiptir sköpum að gætt verði jafnræðis og gagnsæi við slíka ákvörðunartöku.

Því er vert að skoða möguleikann á því að beita alhliða niðurskrift skulda fremur en að meta hvert tilfalli fyrir sig. Í því fælist mikill vinnusparnaðurog einföldun við ákvarðanatöku, bæði hjá fyrirtækjum og innan nýja bankakerfisins. Slík aðgerð myndi einnig auka svigrúm þeirra fyrirtækja sem eru minna skuldsett til

að yfirtaka önnur verr stödd fyrirtæki skapa þannig rekstrarhagræði sem nú er nauðsynlegt. Þessi nálgun myndi auka líkur á að jafnræðis verði gætt og draga úr líkum á því að óeðlileg pólitísk sjónarmið ráði ákvörðunartöku.

Einnig má kanna þann möguleika að skuldum fyrirtækja við bankakerfið verði breytt í hlutfé í stað þess að afskrifa þær. Með því yrðu bankarnir minnihlutaeigendur í þeim fyrirtækjum sem myndu kjósa að nýta sér þessa leið. Eigendur fyrirtækjanna hefðu eftir sem áður hvata til að reka þau af metnaði og lokamarkmið slíks fyrirkomulag væri að eigendur gætu að lokum keypt hlut sinn til baka að ákveðnum tíma liðnum. Með þessu móti gætu bankarnir endurheimt verulegt hlutfall skulda sinna. Jafnframt eykur þetta umtalsvert líkurnar á því að fyrirtækin geti haldið áfram rekstri og veitt þar með fjölda fólks áframhaldandi vinnu.

Viðskiptaráð telur afar skynsamlegt að vinna í nánu samstarfi við erlenda kröfuhafa enda hefur sagan sýnt að sanngjörn framkoma við kröfuhafa hefur reynst mikilvægur þáttur í endurreisn margra þeirra hagkerfa sem hafa lent í fjármálakreppu. Þetta þarf ekki að koma á óvart enda er trúverðug úrlausn gagnvart lánadrottnum ein af grunnforsendum þess að hægt sé að nálgast endurfjármögnun, hvort sem horft er til fyrirtækja eða hagkerfa. Það er sjálfsagt fyrir okkur að draga af þessu lærdóm.

Ofangreindar tillögur um fyrirgreiðslu gagnvart fyrirtækjum þyrftu alls ekki að stangast á við hagsmuni kröfuhafa bankans enda væri skjóttur bati íslensks efnahagslífs eitt af grundvallaratriðum þess að þeir nái að endurheimta sem mest af sínum fjárfestingum. Um leið er það lykilatriði við lausn þeirrar ímyndarkreppu sem Ísland er nú í að stjórnvöld leiti samstarfs við erlenda kröfuhafa, hvort sem um ræðir skuldabréfaeigendur eða fulltrúa erlendra innstæðueigenda.

Ýmsar leiðir eru færar en þar ber fyrst að nefna möguleika þess að semja við núverandi kröfuhafa gamla bankakerfisins (skuldabréfaeigendur) um að endurútgefa bréfin með verulegum afslætti á nýja bankakerfið. Afföll af skuldabréfum bankanna voru þegar orðin um 80% þegar fjármálakerfið hrundi og enn meiri í nýlegum útboðum. Miðað við það gera kröfuhafar ekki ráð fyrir að endurheimta nema hluta af nafnvirði útstandandi bréfa. Málamiðlan af einhverjum toga er nauðsynleg til að tryggja möguleika á að hið nýja bankakerfi geti yfir höfuð nálgast erlent lánsfé í framtíðinni.

Aðkoma kröfuhafa að rekstri nýju bankanna sem eigendur gæti einnig skapað sátt og stillt saman hagsmunum kröfuhafa og íslensks atvinnulífs enn frekar. Þannig mætti kanna möguleika þess að umbreyta skuldum einfaldlega í eignarhluti. Með því að erlendir kröfuhafar gerist nú sameiginlegur eigandi bankanna ásamt hinu opinbera ætti að reynast auðveldara að selja hlut ríkisins til almennings fyrr og með einfaldari hætti. Lokaniðurstaðan yrði þá bankakerfi með erlendum kjölfestueigendum og dreifðri innlendri eignaraðild.

Að lokum leggur Viðskiptaráð til að stofnaður verði sérstakur fjárfestingarsjóður í þágu atvinnulífsins. Hlutverð sjóðsins væri að endurfjármagna fyrirtæki sem búa við góðan rekstrargrundvöll en eru fjárvana. Sjóðurinn myndi eiga fyrirtækin í ákveðinn tíma, annað hvort að fullu eða að hluta, og honum yrði stýrt eftir tilteknum starfsreglum. Með þessu er hægt að koma í veg fyrir gjaldþrot fjölda fyrirtækja sem eiga í

tímabundnum erfiðleikum og stuðla þannig að því að hjól atvinnulífsins haldist gangandi. Rétt er að kanna mögulega aðkomu lífeyrissjóða að stofnum endurreisnarsjóðs af þessu tagi, en það gæti kallað á lagasetningu sem rýmkar fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Hvernig sem endurreisn íslensks efnahagslífs verður háttað þá hlýtur það að vera markmið stjórnvalda að draga sem mest úr þeirri ríkisvæðingu sem nú blasir við. Það er hagur allra að kraftar einkaframtaks fái notið sín í markaðsumhverfi sem laust er við óeðlileg afskipti stjórnámálanna. Einkaframtakið er og verður drifkraftur framfara og þar með hagsældar. Því ætti nú þegar að huga að því með hvaða hætti megi einkavæða ríkisbankana og að það verði gert sem fyrst.

3. Mótun og kynning skýrrar framtíðarsýnar

Nú þegar viljayfirlýsing stjórnvalda og IMF liggur fyrir er mikilvægt að stjórnvöld marki skýra sýn til framtíðar.

Samkvæmt yfirlýsingunni liggur fyrir að verulega verður dregið saman í útgjöldum hins opinbera að loknu árinu 2009. Upplýsa þarf almenning við fyrsta tækifæri um hvernig stjórnvöld hyggjast mæta þessum útgjaldaskorðum. Aukin skattheimta ætti að vera síðasta úrræði stjórnvalda, enda er ekki bætandi álögum á fjölskyldur og fyrirtæki í núverandi árferði. Frekar ætti að leggja alla áherslu á að hagræða í rekstri ríkisins. Á því hefur verið þörf undanfarin ár, en nú sérstaklega..

Um leið er það forgangsmál að stjórnvöld skoði þá framtíðarkosti sem standa til boða í peningamálum þjóðarinnar með skynsamlegum og faglegum hætti. Núverandi peningamálastefna hefur ekki skilað góðum árangri. Frá því krónan var sett á flot og verðbólgu markmið tekið upp hefur hagkerfið einkennst af óstöðugleika og öfgum. Þar kemur margt til en í grundvallaratriðum er þó óhætt að segja að ekki hafi tekist vel til með hagstjórn síðustu ára. Íslensk heimili og fyrirtæki hafa mátt glíma háa vexti, viðvarandi verðbólgu, sívaxandi gengissveiflur krónunnar og nú á allra síðustu vikum gjaldeyris- og fjármálakreppu. Í ljósi þess ber stjórnvöldum að framkvæma faglegt hagsmunamat á öðrum kostum í stöðunni, en þar ber helst að nefna aðild að Myntbandalagi Evrópu að undangenginni aðild að Evrópusambandinu.

Að lokum er vert að minnast á mikilvægi almenns upplýsingaflæðis af hálfu hins opinbera. Fram að þessu hefur mikið vantað upp á að stjórnvöld hafi sinnt því verkefni með fullnægjandi hætti og gera má ráð fyrir að koma hefði mátt í veg fyrir ýmis vandamál með betra streymi upplýsinga. Trúverðug og upplýst stefna af hálfu stjórnvalda er einmitt það leiðarljós sem mikilvægt er að hafa í aðstæðum eins og þeim sem nú ríkja. Líkt og stjórnvöld reiða sig á að almenningur og fyrirtæki treysti stjórnvöldum, verður traustið að vera gagnkvæmt af hálfu stjórnvalda.

4. Aðlögun og skýring á gjaldprotalöggjöf

Í því umróti sem nú ríkir í rekstrarumhverfi fyrirtækja er einkar mikilvægt að stjórnendur séu upplýstir um lagalegar skyldur sínar að gefa fyrirtæki upp til gjaldprotaskipta ef skilyrði gjaldprotalaga til slíks eru uppfyllt og ábyrgð þeirra ef svo er ekki gert. Þegar talsverðir erfiðleikar steðja að rekstri fyrirtækja er

almennt talið að sérstök skylda hvíli á stjórnendum til strangara og nákvæmara eftirlits með málefnum þess. Við slíkar aðstæður geta lánadrottinn orðið fyrir tjóni ef fyrirtæki er rekið áfram þrátt fyrir að það sé í raun gjaldþrota, skv. skilgreiningu gjaldþrotalaga, og fyrir slíku tjóni geta stjórnendur verið gerðir ábyrgir.

Viðskiptaráð væntir þess að dómstólar muni veigra sér við því að úrskurða um bóta- og refsíabýrgð stjórnenda komi til dómsmála af þessu tagi við núverandi aðstæður í íslensku atvinnulífi. Byggir það á því að rekstraraðstæður fyrirtækja nú eru fordæmalausar og því afar erfitt að meta varanleika greiðsluörðugleika annars vegar og hvort aðgerðir stjórnenda hafi verið réttmætar hins vegar. Þrátt fyrir það er mjög mikilvægt að slík viðbrögð dómstóla verði tryggð með viðeigandi breytingum á gjaldþrotalöggjöfni, nema augljóst sé að stjórnendur hafi gripið til aðgerða í vondri trú. Viðskiptaráð mælist því til þess að ríkisstjórnin skoði hugsanlegar breytingar á gjaldþrotalögum í þessa átt á allra næstu dögum og vikum

Lagaumhverfið

Samkvæmt 64. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, er bókhaldsskyldum skuldara skylt að gefa bú sitt upp til gjaldþrotaskipta þegar svo er orðið ástatt fyrir honum að „*hann getur ekki staðið í fullum skilum við lánadrottina sína þegar kröfur þeirra falla á gjalddaga og ekki verður talið sennilegt að greiðsluörðugleikar hans muni líða hjá innan skamms.*“ Hér er vert að benda á að hugtakið gjaldþrot felur því ekki í sér að andvirði eigna viðkomandi hrökkvi ekki fyrir skuldum, þ.e. að hann sé með neikvæða nettó eignastöðu. Hugtakið vísar eingöngu til fyrirsjáanlegrar getu skuldara til að standa í skilum með greiðslu skuldbindinga sinna þegar þær falla í gjalddaga. Tap af atvinnurekstri skiptir heldur ekki máli hvað þetta varðar. Ef skuldari lendir í þessum aðstæðum en getur aflað sér fjármagns, t.a.m. með sölu eigna eða lántökum þá er honum hvorki rétt né skylt samkvæmt lögum að krefjast gjaldþrotaskipta á búi sínu.

Þeir aðilar eru bókhaldsskyldir sem kveðið er á um í 1. gr. laga um bókhald, nr. 145/1994: hlutafélög, einkahlutafélög, önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, samvinnufélög, sameignarfélag og önnur félög með ótakmarkaðri ábyrgð, sparisjóðir, félög og sjóðir sem stunda atvinnurekstur o.fl. Það er undir stjórn viðkomandi skuldara komið að afhenda bú félagsins til gjaldþrotaskipta við þær aðstæður sem nefndar voru hér að ofan, sbr. t.a.m. 105. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, og 80. gr. laga um einkahlutafélög, nr. 138/1994. Það er svo undir héraðsdómara komið að meta kröfu um gjaldþrotaskipti og ef sú krafa kemur frá skuldara sjálfum er iðulega farið fram á að öll stjórnin standi að baki slíkri kröfu.

Samkvæmt 134. gr. hlutafélagalaga eru „stofnendur, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar og endurskoðendur og skoðunarmenn hlutafélags, svo og matsmenn og rannsóknarmenn, skyldugir að bæta hlutafélagi það tjón, er þeir hafa valdið félaginu í störfum sínum, hvort sem er af ásetningi eða gáleysi“. Sama gildir þegar hluthafi eða aðrir verða fyrir tjóni vegna brota á ákvæðum laga þessara eða samþykktum félags.“ Með vísan til framangreinds er því ljóst að ef stjórn fyrirtækis gefur það ekki upp til gjaldþrotaskipta þegar skilyrði fyrir slíku eru komin fram (að fyrirsjáanlegt sé að fyrirtækið geti ekki greitt

gjaldfallnar kröfur og það ástand mun ekki líða hjá innan skamms) og við það rýrna t.a.m. eignir sem stóðu til fullnustu krafna lánadrottna, þá getur stjórn félagsins bakað sér bótaábyrgð á því tjóni lánadrottna. Rétt er að taka fram að aðalreglan er sú að lagður er jafnstrangur mælikvarði á bótaábyrgð stjórnarmanna hver svo sem menntun eða reynsla þeirra er. Einnig er rétt að taka fram að stjórnarmenn og stjórnendur verða að afla sér vitneskju um öll meginatriði í rekstri félagsins, því er ekki unnt að bera fyrir sig vanþekkingu eða það að hafa ekki tekið þátt í stjórnarstörfum. Í ljósi þess að ein af megin skyldum framkvæmdastjóra er að upplýsa félagsstjórnina um fjárhagslega stöðu félagsins á hverjum tíma þá er almennt talið að honum beri skylda til þess að gera stjórn grein fyrir því ef aðstæður í rekstri fyrirtækisins eru með þeim hætti að skylt er að gefa bú félagsins upp til gjaldþrotaskipta.

Samkvæmt almennum skaðabótareglum þurfa lánadrottnar hins vegar að sýna fram á að háttsemi stjórnarinnar hafi beinlínis valdið tjóni sínu og að hún hafi verið saknæm – sönnunarbyrðin hvílir því á lánadrottnum fyrirtækisins. Að auki virðast dómstólar vera nokkuð umburðarlyndir gagnvart stjórnendum við aðstæður sem þessar, svo lengi sem aðgerðir þeirra skömmu fyrir gjaldþrot eru framkvæmdar í góðri trú. Við mat á skaðabótaskyldu stjórnenda er miðað við það ástand, sem uppi var þegar ákvörðun stjórnar var tekin, þ.m.t. þær upplýsingar sem fyrir lágu á þeim tíma, eða eftir atvikum áttu að liggja fyrir. Stjórnendur hafa eðli máls samkvæmt rétt til að taka ákvarðanir í þágu þess fyrirtækis sem þeir stýra. Ætla verður stjórnendum ákveðið svigrúm til þeirrar ákvarðanatöku, þ.m.t. til að taka ranga ákvörðun. Röng ákvörðun í rekstri fyrirtækis leiðir því ekki sjálfkrafa til bótaskyldu, heldur verður að skoða hvert tilvik fyrir sig.

Stjórnendur fyrirtækja eiga ekki eingöngu á hættu að baka sér bótaskyldu vegna athafna sinna heldur geta þeir einnig borið refsíábyrgð. Það á t.a.m. við ef stjórnendur fyrirtækis, sem glímur við rekstrarerfiðleika, skýra vísitandi rangt eða villandi frá högum fyrirtækisins eða öðru er það varðar, sbr. 153. gr. hlutafélagalaga. Slíkt getur varðað sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

Í efnahagsaðstæðum líkt og þeim sem nú eru uppi getur bóta- og refsíábyrgð stjórnenda beinlínis hvatt til þess að þeir gefi fyrirtæki upp til gjaldþrotaskipta þó skilyrði til þess séu ekki til staðar. Slík þróun er afar óæskileg enda orsakar hún umtalsverðan samfélagslegan kostnað, t.a.m. í formi óþarfa atvinnuleysis og kostnaðar vegna afstýranlegra gjaldþrota. Við slíkri þróun verður að bregðast með því að upplýsa forsvarsmenn fyrirtækja um skyldur sínar og með því að skýra með hvaða hætti dómsvaldið tekur á gjaldþrotum.

Þó gert sé ráð fyrir því í gjaldþrotalögum að héraðsdómari hafni kröfu um gjaldþrotaskipti ef skilyrði þess eru ekki uppfyllt þá er ljóst að ferlið er langt á veg komið þegar það hafnar inn á borði dómara. Viðkomandi fyrirtæki er hugsanlega búið að segja upp starfsmönnum sínum og jafnvel senda út tilkynningu þess efnis að óskað hafi verið gjaldþrotaskipta. Þó hætta megi við þá er tjónið jafnvel óbætanlegt. Að sama skapi er ljóst að forðast þarf að setja óþarfa vinnuálag á dómskerfið enda er það einungis til þess fallið að koma niður á öðrum störfum þeirra og skapa kostnað fyrir ríkissjóð. Við þessari þróun verður því að bregðast.

Hvað þetta varðar þá breyttu þjóðverjar sínum gjaldprotalögum til að koma í veg fyrir þróun sem þessa. Samkvæmt þýskri löggjöf þá þurftu stjórnendur að óska eftir gjaldprotaskiptum innan 21 dags frá því ljóst var að eignir dugðu ekki fyrir skuldum. Þetta gildi þó ekki ef þess var vænst að það ástand myndi snúast til betri vegar í náninni framtíð. Eins og kveðið var á um hér að ofan þá er það eitt hugtaksskilyrði gjaldprotis að ekki sé sennilegt að greiðsluörðugleikar skuldara muni líða hjá innan skamms, sbr. 1. málsliður 1. mgr. 64. gr. gjaldprotalaga. Samkvæmt því þurfa greiðsluörðugleikarnir að hafa ákveðinn varanleika og því ljóst að íslensk löggjöf hefur að geyma varnagla af því tagi sem bætt var við þýsku löggjöfina á sínum tíma.

5. Efla frumkvöðlastarf og styðja við nýsköpun

Frumkvöðla- og nýsköpunarstarfsemi kemur til með að gegna lykilhlutverki í þeirri uppbyggingu sem framundan er. Af þeim sökum er mikilvægt að hlúð verði að slíku starfi og því sköpuð hagfeld skilyrði. Í þessu felst m.a. að skapa hagkvæmt rekstarumhverfi fyrir sprotafyrirtæki og tryggja frumkvöðlum með góðar hugmyndir aðgengi að fjármagni til að hrinda þeim í framkvæmd. Efla þarf sjóðakerfi til stuðnings nýsköpun (Frumtak, Nýsköpunarsjóð og Tækniþróunarsjóð) og jafnvel draga úr skilyrðum sem umsækjendur þurfa að uppfylla til hjóta styrki.

Gróskumiklu frumkvöðlastarfi er ætlað að leiða af sér fjölgun í stoðum íslensks atvinnulífs. Í því sambandi er rétt að benda á öflug fyrirtæki á borð við CCP, Össur og Marel, sem öll eru afrakstur frjós nýsköpunarstarfs og skila nú verulegum útflutningstekjum. Hluttur menntakerfisins í uppbyggingu sprotastarfsemi er afar stór og því brýnt að styrkja frumkvöðlanám í háskólum og tvinna saman við þær háskólagreinar sem teljast helst uppspretta nýrra hugmynda.

6. Fjárveitingar til menntamála má ekki skerða

Við þær erfiðu aðstæður sem nú geysa í íslensku efnahagslífi er afar mikilvægt að þeir einstaklingar sem fara af atvinnumarkaðinum hafi greiðan aðgang að námi óháð aldri og búsetu. Þetta á við um nám á öllum stigum. Nú sem aldrei fyrr þarf að setja menntun í forgang. Brúa þarf bilið milli bóknáms, iðn- og verknáms og listnáms og leggja þarf aukna áherslu á alþjóðlegt námsframboð þar sem kennt er á ensku. Með virkjun hugvits sem býr í íslensku samfélagi er mannauðurinn eflur og grunnur lagður að hagvexti, aukinni hagsæld og bætum lífskjörum. Menntun er einn helsti drifkraftur hagvaxtar og því nauðsynleg fyrir áframhaldandi uppbyggingu íslensks samfélags, og til að viðhalda samkeppnisstöðu landsins í samfélagi þjóða. Efling menntunar á að vera sameiginlegt hagsmunamál allra á komandi mánuðum

Fjárveitingar til menntamála eiga því ekki að vera á niðurskurðarlista stjórnvalda í ríkisútgjöldum. Því ber einnig að halda til haga að að vel er mögulegt að standa vörð um hátt menntastig án þess að lagðar séu auknar fjárhagslegar byrðar á ríkissjóð. Námsframboð í háskólum landsins er nú þegar fjölbreytt, hvort sem um er að ræða grunnám, framhaldsnám eða símenntun. Að auki hafa skólarnir liðkað til við inntöku nú um um áramótin. Leiðin að virkjun hugvits og auknum hagvexti er því síður en svo torsótt.

7. Óháðir aðilar rannsaki aðdraganda kreppunnar

Umræða síðustu vikna hefur einkennst af reiði og leit að blóraböggjum. Reiðin er skiljanleg enda hefur hrun fjármálakerfisins haft veruleg áhrif á afkomu og framtíðarhorfur flestra heimila. Mikill vöxtur fjármálakerfisins er langt frá því að vera hafinn yfir gagnrýni og mjög eðlilegt að farið verði í saumana á þeirri atburðarás sem leiddi til núverandi hremminga. Vafalaust leiðir niðurstaðan í ljós að um marga samverkandi þætti hafi verið um að ræða. Þar eru helstu áhrifaþættirnir peningastefnan, fjármálastjórn hins opinbera, mikill vöxtur fjármálakerfisins, örsmár gjaldmiðill og ófullnægjandi innviðir, regluverk og eftirlit til að glíma við óvenjulegur aðstæður. Nauðsynlegt er að að óháðir aðilar, helst hópur erlendra sérfræðinga, leiði slíka rannsókn og að í henni verði engir þættir atburðarrásarinnar undanskildir. Þær hugmyndir að stjórnámálamenn leiði þessar rannsóknir telur Viðskiptaráð mjög óheppilegar, enda um virka þátttakendur í aðdraganda vandans að ræða.

Það sem skiptir nú mestu máli er að lágmarka óhjákvæmilegan skaða sem hlýst af fjármálakreppunni. Það verðu best gert með því að hlúa sem best að atvinnulífinu, halda fyrirtækjum í rekstri og fólki í vinnu. Að þessu marki ætti athygli stjórnvalda, bæði stjórn mála- og embættismanna, og stjórnenda að beinast. Forgangsverkefni felast í því að leysa gjaldeyrisvandann, móta skýra stefnu og skynsamlega framtíðarsýn um endurmótun fjármálakerfisins, tryggja eðlilegt umhverfi fjármögnunar og endurreisa orðspor Íslands á erlendum vettvangi. Þegar búið er að hlúa að framtíðinni verður nægt svigrúm til að skoða fortíðina.